



Utanríkismálanefnd Alþingis

Keldnaholt, 30. nóvember 2023

Umsagnarbeiðni: Tillaga til þingsályktunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028, 484 mál.


Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 frá utanríkismálanefnd Alþingis. Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Landgræðslan fagnar þeim áherslum sem settar eru á loftslagsmál og náttúruauðlindir og þá sérstaklega að stuðningur við sjálfbæra landnýtingu, takmörkun landhnignunar og endurheimt vistkerfa verði einnig áhersluatriði í starfinu fram undan.

Landgræðslan hefur frá upphafi tekið þátt í þróun og vinnu innan Landgræðsluskóla GRÓ Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu. Starfsfólk stofnunarinnar hefur bæði tekið þátt í þjálfun nemenda á Íslandi, sem og í styttri námskeiðum og því að byggja upp frekara tengslanet í samstarfslöndunum. Nemendurnir sem koma til Íslands eru t.d. ráðgjafar sem vinna með þorpsbúum og bændum (oft frá mjög fátækum svæðum) að vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu, til að auka lífsgæði þeirra. Einnig koma hingað aðilar sem stunda kennslu og rannsóknir innan háskólaumhverfisins í heimalandinu, hver hafa svo nýtt þjálfun sína í að byggja upp kennslu í vernd og endurheimt vistkerfa auk sjálfbærrar landnýtingar þegar heim er komið. Starfsfólk Landgræðslunnar hefur séð á ferðum sínum til samstarfslandanna með eigin augun hverju miklu þjálfun nemenda á Íslandi hefur áorkað og skilað til að bæta lífsgæði og viðurværi í þeim löndum.

Landgræðslan er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar


Bryndís Marteinsdóttir,
Sviðstjóri sjálfbærni og loftslags